

Eystrahorn

44. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 10. desember 2020

www.eystrahorn.is



Jólahald verður með ólíku sniði þetta árið. Sökum samkomutakmarkana ákvað Menningarmiðstöðin að halda ekki aðventuhátíð í þetta sinn eins og kunnugt er, en undir venjulegum kringumstæðum hefðu ljósin á jólatrénu verið tendruð við það tilefni. Jólatréð hefur nú fengið nýjan stað á miðsvæði Hafnar, milli sundlaugar og lögreglustöðvar. Menningarmiðstöðin tók sig til og skipulagði ratleik fyrir yngri kynslóðina þar sem 6 jólavættir munu birtast víðsvegar um bæinn fram að jólum, og er það kjörið tækifæri fyrir fjölskyldur að

Glæsilegt jólatré sveitarfélagsins er nú í ár á miðsvæðinu ganga um bæinn í skammdeginu og finna þessar furðuverur. Hvetjum við fólk til að kynna sér ratleikinn hjá starfsmönnum bókasafnsins og grípa í leiðinni þáttökublað. Dregið verður um vinninga á þrettándanum.

Nú er jólaundirbúningurinn langt kominn hjá mörgum og hvetur Eystrahorn fólk til að versla í heimabyggð og nýta sér þau fjölmörgu tilboð sem veitingahús og ferðaþjónustufyrirtæki bjóða uppá um þessar mundir.

Hin árlega jólatréssala Kiwanis er hafin

Opið verður allar helgar fram að jólum og hvetjum við fólk til sjávar og sveita að næla sér í lifandi jólatré fyrir komandi hátíð.

Opnunartími verður sem hér segir:

Helgina 12. - 13. desember frá 13:00 til 16:00.

Helgina 19 - 20. desember frá 13:00 til 16:00.

Einnig verður opið 21. - 23. desember frá 17:00 til 19:00.

Seljum líka jólalakkris, súkkulaði, friðarkerti kirkjunnar, Kiwanisgrímur og fleira til styrktar góðum málum.

Með jólakveðjum og fyrirfram þökk. Þess óska félagar í Kiwanisklúbbum Ós



Jólablað Eystrahorns

kemur út fimmtudaginn 17. desember

Næsta tölublað eftir jól kemur út 7. janúar



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



FÉLAGAMENN ATHUGIÐ

Stöndum saman sýnum
þolinmæði.

Sjáum vonandi fram á betri
tíma.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
veitðan fyrir alla

Íbúafundur um stefnumótun fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð

Vinnufundur með íbúum þar sem unnið er að stefnumótun með áherslu á innleiðingu heimsmarkmiðaða Sameinuðu þjóðanna verður haldinn í fjarfundi og á youtube síðu sveitarfélagsins. Fundurinn verður haldinn **fimmtudaginn 17. desember kl. 16:30-17:30**. Óskum við eftir innleggi íbúa inn í þessa vinnu og ná góðri þátttöku. Mikilvægt að íbúar skrái sig á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is og fá þeir sent fundarboð á teams fundarforritið.

Þeir sem vilja eingöngu horfa á útsendinguna geta nálgast slóðina á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is eða fésbókarsíðu þess þegar nær dregur.

*Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Stórvirki!



Forvitnileg og fræðandi, en umfram allt skemmtileg!

Bókaútgáfan Hólar

holabok.is / holar@holabok.is



upplausn

HEIMASÍÐUR UMBROT OG AUGLÝSINGAR

Hafðu samband:
tjorvi@upplausn.is
eða í s: 848-3933



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófararklestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

ÖLL ALMENN BÓKHALDSPJÓNUSTA



Björk bókari

Sími: 861-8603

<https://www.facebook.com/bjorkbokari.is>

Viðbót við söguskilti í Öræfum




Spilið úr botnvörpunum Clyne Castle er nú komið upp við söguskiltin sem standa við áningastað vestan við Kvía

Í ágúst í fyrra voru afhjúpuð tvö söguskilti við áningastað vestan við Kvía í Öræfum, annað um strand togarans Clyne Castle og hitt um skipströnd í Öræfum. Nú hafa margir Öræfingar og fleiri sem þar eiga leið hjá velt fyrir sér hvaða hlut sé búið að koma upp við skiltin. Þessi hlutur er spilið úr togaranum Clyne Castle, en félagið Bóasson/Clyne Castle undir forystu Ólafíu Herborgar Jóhannesdóttur stóð fyrir framkvæmdunum en það stóð einnig fyrir því að söguskiltin voru sett upp. Ólafía hannaði og samdi textann fyrir skiltið um strand Clyne Castle en fyrir hitt skiltið fékk hún leyfi til að nota verk Kvískerjabræðra sem nutu aðstoðar Ragnars Franks Kristjánssonar fyrrverandi þjóðgarðsvarðar og Sigurgeirs Skúlasonar kortagerðarmanns við skrásetningu á skipströndum á þessum slóðum.

Clyne Castle strandaði við sandrif í Bakkaföru fyrir framan Kvísker þann 17. apríl 1919 og hefur flakið verið á sama stað í yfir 100 ár. Föðurafi Ólafíu, Valdór Bóasson keypti skipið á strandstað ásamt Jóhanni Hanssyni og ætluðu þeir að bjarga skipinu af strandstað en skipið var einungis tveggja

ára og sat heilt og óskemmt í sandinum. Þeir töldu auðvelt að koma skipinu aftur á flot og það var til mikils að vinna ef það hefði tekist. Mikið var reynt að koma skipinu á flot en eingöngu var hægt að vinna við þetta á sumrin og var reynt næstu sumur með hléum að reyna að koma skipinu úr fjörunni en verkið reyndist mönnum ofviða, sum sumur var þó nánast ekkert unnið að björgun. Árið 1923 gáfust þeir upp við að reyna bjarga skipinu tilraunir og allir fjármunir búnir og vel það.

„Það var eins og mér hafi verið ætlað að taka spilið, þegar ég var á ættarmóti á þessum slóðum árið 2005 þá rétt sást í spilið en síðan þá hef ég verið með sögu skipsins á heilanum. Síðan 2005 hefur alltaf meira og meira af spilið komið upp úr sandinu. Það var eins og það væri að koma upp úr og biði eftir því að láta taka sig.“ segir Ólafía. „Það er stundum eins og ég sé leidd áfram í þessu verkefni. Eftir að ég var búinn að fá leyfi frá Minjanefnd og landeigendum að flytja spilið úr fjörunni að skiltunum þá var ég að hugsa um hvernig ég ætlaði að koma þessu blessaða spili upp. Við vorum á



Clyne Castle á strandstað árið 1923

ferð í Öræfum og stoppuðum við áningastaðinn þar sem skiltin eru og fórum framhjá vörubíl og mér fannst eins og ég þyrfti að spyrja bílstjóran út í hvernig væri best að ná því upp. Við rétt misstum af honum en ég ákvað að elta hann og náði svo tali af honum í síma við Freysnes og þá var þetta Haukur Gíslason sem var að sjá um brúarsmiðina yfir Kvía og eftir að ég útskýrði erindi mitt þá sagði hann strax já og að þetta væri ekkert mál. Endaði þetta með því að hann sá um að koma spilið upp úr sandinu.“ Ólafía er þakklát allri þeirri velvild sem mætti henni við verkefnið.

„Reynir Gunnarsson hjá

Vegagerðinni og hans menn aðstoðuðu við að koma upp undirstöðum fyrir spilið og unnu nást allt verkið fyrir okkur og svo hefur Gísli Jónsson á Hnappavöllum verið mitt helsta bakland, veitt mér mikla aðstoð og alltaf verið til staðar og einnig Jón Viðar og Valdór bræður mínir. En allir sem hafa komið að þessu hafa verið mjög hjálplegir“ segir Ólafía

Verkefnið fékk styrk frá Kvískerjasjóði og Sveitarfélaginu Hornafirði. Stefnt að því að koma upp litlu söguskilti við spilið í náinni framtíð.

Nánar verður farið í sögu strands Clyne Castle í næsta tölublaði.

Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir eftir styrkjum fyrir
Jólaaðstoð 2020

Kennitala: 611112-0170

Bankaupplýsingar: 0172 – 05 – 060172

Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar.

Á sjóðnum standa meðal annarra, LIONS klúbbur (karla og kvenna),
KIWANIS klúbburinn Ós, Nettó, Rauði krossinn, Karlakórinn Jökull,
Kvennakór Hornafjarðar og margir aðrir góðir velunnarar.

Lengri opnunartímar í desember

Rakarastofan verður opin frá kl. 10:00 til 18:00 frá
14. desember á virkum dögum.

Opið verður laugardaginn 19. desember frá
kl. 10:00 til 14:00

Lokað verður
24. desember til 2. janúar.

Kveðja Baldvin






Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Opíð alla laugardaga frá kl. 13:00-16:00 fram að jólum.
Opíð virka daga frá kl. 13:00-18:00

Úrval af góðum rúmum og dýnum fyrir allan aldur og fallegir höfðagaflar
Einnig hlífðardýnur, lök, rúmföt, sængur og koddur
Úrval af skartgripum úrum og snjallúrum

Símar: 478-2535 / 898-3664



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR
HEILSUEFLANDI SAMFELAG Sveitarfélagið Hornafjörður
væðing fyrir alla

Grenndarkynning vegna viðbyggingar við Júllatún 9

skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Óskað hefur verið eftir heimild til að byggja við húsið að Júllatúni 9 á Höfn og breyta notkun á bílskúr í íbúðarhúsnæði. Fyrirhugað er að byggja bæði framan og aftan við húsið.
Þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag af svæðinu er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar framkvæmdir og skal athugasemdum komið til skila á netfangið skipulag@hornafjordur.is eigi síðar en **5. janúar 2021**.
Nánari upplýsingar og teikningar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir stjórnsýsla og skipulag í kynningu.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður*

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Jólablað Eystrahorns

kemur út **17. desember**

Viltu auglýsa, senda jólakveðju eða lumar þú á áhugaverðu efni í blaðið?

Endilega settu þig í samband við ritstjóra sem fyrst



Jólakveðjur

Sendum vinum og vandamönnum innilegar jólakveðjur með þökk fyrir liðin ár.

Jón og Gunna



Skilafrestur á efni í jólablaðið er **15. desember kl. 14:00**

🌐 eystrahorn@eystrahorn.is

✉ www.eystrahorn.is/jolablad

☎ sími: 848-3933

Verð á jólakveðju
4340.-

Tilkynningu frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Athugið að frá og með 1. janúar 2021 verður eingöngu hægt að óska eftir lyfjaendurnýjun með rafrænum skilríkjum í gengum heilsuveru.is

Ef einhverjir verða í vandræðum með að nota Heilsuveru, verður þeim veitt aðstoð. Fundin verður leið fyrir þá sem ekki geta nýtt sér Heilsuveru og hafa ekki aðstandendur til þess að sjá um þessi mál.

En aðeins undantekningarhópurinn fær þjónustu símleiðis, sem verður líklega á breyttum tíma dags. Þegar ekki er hægt að velja endurnýjun á lyfi í Heilsuveru, geta verið nokkrar ástæður fyrir því að það er ekki hægt, eins og:

- þegar lyfseðill er orðinn of gamall
- ef breyta þarf skammtastærð
- annað

skal senda fyrirspurn í gegnum **Heilsuveru** – undir **Samskipti** – **Ný fyrirspurn**.

Flestar slíkar fyrirspurnir er hægt að afgreiða.

Ef ekki verður hægt að afgreiða fyrirspurnina, verður henni svarað eftir föngum, hvort sem það verður að biðja viðkomandi að panta sér símatíma eða annað.

Þetta fyrirkomulag verður tekið í notkun 1. janúar og endurskoðað að ákveðnum tíma liðnum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Fuglinn sem verpti ekki eggjum

Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin er ein þeirra bóka sem út komu nú fyrir jólin. Höfundur er Sigurður Ægisson, guðfræðingur og þjóðfræðingur, en útgefandi eru Bókauktgáfan Hólar ehf.

Hér er gripið niður í kaflann um einn af einkennisfuglum Skaftafellssýslna, helsingjann. Sá hefur líka verið nefndur bíldgæs, gagl, grænlandsgæs, helsingjagæs, helsingur, hrúðurkarlafugl, kinnótt gæs, krankfugl, prompa, sjófarhrafl og trégæs.

Ísland

Helsingjar verptu áður fyrr á Austur-Grænlandi, Svalbarða og nyrst í Rússlandi, en er nú líka að finna í Norður-Evrópu. Grænlandsku fuglarnir eiga viðkomu á Íslandi vor og haust, á leið sinni til og frá vetrarstöðvum á Bretlandseyjum, aðallega í Skotlandi. Þeir halda einkum til í Skagafirði og Húnavatnssýslum á vorin en í Skaftafellssýslum á haustin. Á Íslandi hafa fuglarnir verpt nokkuð samfellt frá árinu 1964, fyrst nokkur pör í Breiðafirði, en einnig í Austur-Skaftafellssýslu frá því laust fyrir 1990 og í vestursýslunni frá 1999. Þá eru auk þess smærri vörp hér og þar á landinu.

En þá að hinu.

Reyndar er nauðsynlegt að leyfa erlendu þjóðtrúnni að komast strax að, enda er þetta allt samtvinnað. Menn héldu nefnilega á öldum áður, að helsinginn verpti ekki eins og aðrir fuglar, hvað þá lægi á eggjum, enda kom hann fullskapaður á vetrarstöðvarnar og aldrei fundust hreiðrin þar á vorin. Þetta var mikil ráðgáta.

Loks þóttist Giraldus Cambrensis hinn velski, annálaskrifari og háskólakennari í París og síðar biskup, hafa komist að hinu sanna, þegar örlitinn helsingja, á fösturstigi, bar fyrir augu hans á Írlandi. Þessi kynduga skepna var þá ekki eiginlegur fugl eftir allt, það gaf augaleið, enda átti hún uppruna sinn — og nærðist í fyrstu — í hafinu.

Þetta var mikil uppgötvun og átti eftir að hafa gríðarleg áhrif á matarvenjur kaþólskra manna næstu aldirnar á föstutímanum, þegar kjötát var bannað.

Næsta stig þessarar mýtu er, að ævafornar sagnir, allt frá Indlandi og vestur um, fóru að blandast inn í þetta og nú tóku helsingjarnir — og nokkrar aðrar tegundir — að vaxa á trjám á sjávarbökkum. Talið er, að upphafið megi jafnvel rekja til Þrakíu, um 2.000 f. Kr., ríkis, sem í fornöld náði yfir mestan hluta þess sem nú er Búlgaría, norðausturhlutu Grikklunds og partur af Tyrklandi, auk austurhluta bæði núverandi Serbíu og Makedóníu.

Agnar Ingólfsson og Finnur Guðmundsson rituðu grein í Náttúrufræðinginn árið 1968 og höfðu meðal annars þetta að segja:

Á rekavið, sem skolar á land á Íslandi, sitja stundum einkennileg dýr. Oftast eru þau mörg saman og mynda því klasa á viðnum. Þessi dýr sitja á vöðvalegg, sem er festur við viðinn, en dýrið sjálft myndar eins konar „höfuð“ (capitulum) á leggnum og er það umlukt 5 bláleitum kalkskeljum. Þetta eru hin svonefndu helsingjanef, en eina tegund þeirra, sem vitað er til að hafi fundist á íslenskum rekavið, þ.e.a.s. við, sem rekið hefur á íslenskar fjörur, heitir á vísindamáli Lepas anatífera.

Helsingjanef eru krabbadýr, þótt þau minni raunar lítið á krabba við fyrstu sýn. Þau teljast til þess ættbálks krabbadýra, sem hlotið hefur nafnið Cirripedia, en á íslensku hafa slík dýr verið nefnd skelskiúfar. Svo virðist sem Benedikt Gröndal sé höfundur íslenskra nafnsins. Að minnsta kosti virðist það hvergi koma fyrir á prenti fyrr en í 5. hefti af Gefn, en það er tímarit, sem Gröndal gaf út meðan hann dvaldi í Kaupmannahöfn. Fimmta og síðasta hefti þessa tímarits, sem kom út árið 1874, fjallar einvörðungu um náttúru Íslands. Þar er allmikið af



Helsingi á flugi. Ljósmynd: Paul Ellis.

nýyrðum, sem Gröndal hefur smíðað, og hafa mörg þeirra festst í málinu.

Helsingjanef er hins vegar gamalt alþýðunafn, sem er arfur frá þeim tíma, þegar menn töldu, að helsingjanefin væru aðeins tiltekið þróunarstig helsingja og/eða margæsa líkt og egg hjá öðrum fuglum. Þessi trú var ríkjandi frá því á 12. öld og fram á öndverða 18. öld. Að vísu vefengdu stöku fræðimenn þessa kenningu, og var Albertus Magnus (ca. 1200–1280) einn þeirra. En hún reyndist samt ótrúlega lífseig. Til dæmis um það má nefna, að árið 1678 birtist ritgerð í „The Philosophical Transactions“ í London þar sem höfundurinn, Robert Moray, heldur enn fast við þessa kenningu og lýsir því, hvernnig helsingjanefin breytist í hinar umræddu fuglategundir. Og árið 1689 birtist meira að segja enn í fræðiriti mynd af tré, sem hinar umræddu gæsir áttu að hafa vaxið á.

Það er því ekki tiltökumál, þótt í elztu ritum um náttúru Íslands sé víkið að þessu efni. Meðal annars segir Oddur biskup Einarsson í Íslandslýsingu sinni frá 1589, að um fæðingu helsingja segi „landar vorir hér um bil hið sama sem Petrus Pomponalius skrifaði forðum um brenna eða bernicla“. Og Gísli biskup Oddsson kemst þannig að orði um þetta efni í Íslandslýsingu sinni frá 1638: „En svo skal ég ekki fara út fyrir efnið og þá kem ég að öðrum líkum fuglum af sama kyni, en lítið eitt minni, sem halda sig mest við sjávarstrendur og eru því nefndir margæsir. Þeim eru líkastir helsingjar, sem menn halda að hafi tvöfalda æxlun, fæðist annað kynið af trjáviði nokkrum (sjá Gyðingasögu Jósephusar), en hitt komi fram við egg. Hefur eftir því verið tekið hér á landi, að hið síðarnefnda hendi sjaldan hér, og fullyrða menn því einum munni, að allir helsingjar vorir séu karlfuglar.“ Meðal almennings á Íslandi mun lengi hafa eimt eftir af þessari trú, því að í dagbók sinni frá 1797 vikur Sveinn Pálsson að þessu efni og gefur í skyn, að hin gamla trú um „Lepades anatíferas“ sé ekki með öllu úr sögunni.

Þessi lífseiga trú um hinn dularfulla uppruna helsingja og margæsa hefur eflaust átt rætur sínar að rekja til þess, að lengst af þekktu menn ekki varpheimkynni þessara tegunda, en þau eru í nyrztu Íshafslöndum. Hins vegar voru báðar tegundirnar algengar við strendur Vestur-Evrópu vetur, vor og haust.

Annars var það aldrei ætlunin að rekja hér til neinnar hlitar hinar fjölmörgu heimildir um þetta efni, enda eru þær miklu fremur menningarsögulegs en náttúrufræðilegs eðlis. En geta má þess, að auk íslenskra nafnsins helsingjanef bera nafngiftir á ýmsum málum enn merki þessarar fornu trúar. Á ensku heita t. d. helsingjanef goose barnacles og á þýsku Entenmuscheln. Vísindaheiti margæsarinna er Branta bernicla og á ensku nefnist helsinginn barnacle-goose.



Helsingjar verða til, samkvæmt þjóðtrú fyrri alda. Vatnslitamynd eftir bandaríska háskólakennarann og listakonuna Jennifer Landin.

Vikur nú sögunni til Jóns Guðmundssonar hins lærða á 17. öld, en hann ritar eftirfarandi:

Það smæsta fuglakyn kalla menn sjófarhrafla, varla þridie partur úr selning. Þar af kalla menn hrafl sníós, þegar jörd er sumstadar ber; hann er fleckóttur með hvítt og svart.

Erfitt er að sjá á þessum orðum hvort Jón er með á nótunum, en samt er eins og hann viti eitthvað af umræðunni. Í sama riti minnst hann bara á gæs og ált og er ekki með neina frekari sundurlíðun.

Þorlákur Markússon kannast í Íslandslýsingu sinni frá um 1730 við söguna af uppruna helsingjanna og Snorri Björnsson á Húsafelli líka, 1792, og segir um fuglinn:

[U]m hann og hans nátturu hafa menn margt diktad sem einga vissu hefur, þessi fugl kemur hingad á land á vorinn þá hann flygur til nordursins og aftur á haust með ungunn synumm þá hann flýgur í sudrid, á vorinn er hann hier veiddur með Eggiahylke edur kiefi; því vex hann ecki úr triännum sem sagt hefur verid. Enn þau helsingjanef (soköllud) sem siäst útkoma úr þeim feitu siöhroktu triám; eru ei annad enn sä triesmiügandi Madkur; sem í þeim verdur ad þvilykri skielþöddu; lýkri hriður kalli; og vex álldrei meira; enn hün siest á trianumm.

Tryggvi Gunnarsson, þá bankastjóri Landsbankans, ritaði svo árið 1901 í Dýravinninn:

Þegar ég var unglungur í Þingeyjarsýslu, heyrði ég að menn voru að þrátta um það, hvort helsinginn væri steggi grágæsarinna. Sumir þeirra sögðu að það gæti ekki verið, því að aldrei sæist helsingi hjá gæs, þegar hún lægi á eggjum. En hinir voru miklu fleiri, sem héldu þeirri skoðun fram, að allir helsingjar væru steggjar, því að aldrei fundust helsingjahreiður hér á landi ...



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Grenndarkynning vegna breytinga á Hafnargötu 20

skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað hefur verið eftir heimild til að breyta íbúðarhúsnæði við Hafnargötu 20 á Höfn. Breytingin felur í sér að húsnæðinu er skipt upp í tvær íbúðir í stað einnar og svölum bætt við á 2. hæð.

Þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag af svæðinu er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar framkvæmdir og skal athugasemdum komið til skila á netfangið skipulag@hornafjordur.is eigi síðar en **5. janúar 2021**.

Nánari upplýsingar og teikningar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir stjórnsýsla og skipulag í kynningu.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður*



Framtíðarsýn fyrir Skaftafell

Vatnajökulsþjóðgarður vinnur að því að skýra framtíðarsýn fyrir Skaftafell og boðar íbúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar til samtals fimmtudaginn 10. desember kl. 16-18. Vegna samgöngutakmarkana þá fer fundurinn fram í fjarfundarforritinu Zoom.

Vinsamlegast hafið samband við Helgu Árnadóttur fyrir skráningu á fundinn. Helga.arnadottir@vjp.is – gsm 842 4374



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



ICEGUIDE

Gjafabréf

Upplifun er eftirminnileg jólagjöf!

30% AFSL.

af gjafabréfum í kajakferðir Iceguide fram að jólum.

www.iceguide.is | s: 661 0900

